



Aðalfundur Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu á Egilsstöðum þ. 6. maí 2020.  
Viðstaddir: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Sigrún Blöndal, Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri.

*Dagskrá:*

1. Ársskýrsla
2. Afgreiðsla ársreiknings.
3. Kjör endurskoðenda.
4. Erindi frá undirbúningsstjórn sameiningar Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar.
5. Erindi frá starfshópi um íþrótt- og menningarmál í nýju sameinuðu sveitarfélagi
6. Sameiningar og samstarf safna. Fýsileikakönnun á vegum landshlutasamtakanna.
7. Leiðrétt skráning Minjasafnsins í Fyrirtækjaskrá
7. Skýrsla safnstjóra um starfið frá síðasta fundi
8. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 16.00.

**1. Ársskýrsla.**

Safnstjóri kynnti og fór yfir ársskýrslu sem send var með fundagögnum. Stjórnarkonur lýstu ánægju sinni með skýrsluna. SS benti á að gott væri að hafa skýrsluna liggjandi frammi til kynningar enda mikil vinna að baki hennar og gott yfirlit yfir umfangsmikið starf Minjasafnsins. Skýrslan er opinber á heimasíðu safnsins. Ársskýrslan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**2. Ársreikningur 2019.**

Rekstrartekjur ársins 2019 námu 33,6 milljónum sem er hækkun frá áætlun ársins sem var upp á 27,6 milljónir. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af aukaframlögum sveitarfélaga og styrkjum sem ekki voru í áætlun. Rekstrargjöld ársins námu 45,5 milljónum en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 39,5 milljónum kr. Safnið fékk viðbótarframlag vegna nýs starfsmats fyrir félagi í BHM, 2,5 milljónir. Rekstrarhalli nemur 11,9 milljónum sem kemur til vegna innri leigu fyrir Laufskóga 1. Ársreikningur er borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

**3. Kjör endurskoðenda.**

Kristjana Björnsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðs. Rætt um endurskoðun og kostnað. Stjórn Minjasafnsins samþykkir að semja áfram við KPMG ehf. um endurskoðun reikninga safnsins.

**4. Erindi frá undirbúningsstjórn vegna sameiningar Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar.**

Fyrir liggja drög að svari safnsstjóra varðandi erindið. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur safnsstjóra að senda formanni undirbúningsstjórnar svarið.

**5. Erindi frá starfshópi um íþrótt- og menningarmál í nýju sameinuðu sveitarfélaga.**

Lagt fram til kynningar.

**6. Sameiningar og samstarf safna.**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gert samning við fjögur landshlutasamtök sveitarfélaga vegna vinnu við fýsileikakönnun á samstarfi og sameiningu safna.

Austurbúurinn vinnur verkefnið fyrir SSA og var safnsstjóri boðaður í viðtal vegna þess. Markmið verkefnisins er að efla safnastarf í landshlutanum. Stjórn áréttar að samkvæmt markmiðum safnsins og menningarstefnu Fljótsdalshéraðs á Minjasafn Austurlands að vera ábyrgðarsafn fyrir Austurland.

**7. Leiðrétt skráning Minjasafnsins í Fyrirtækjaskrá.**

Stjórn staðfestir rétta skráningu Minjasafns Austurlands sem byggðasamlag (bs) í Fyrirtækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra.

**8. Skýrsla safnstjóra um starfið frá síðasta fundi.**

Ýmis verkefni hafa frestast eða dottið upp fyrir vegna samkomubanns. Áður en til þess kom var ýmislegt á dagskrá safnsins s.s. jólasamvera í desember, öskupokasmiðja í febrúar og örsýning sett upp í sýningarskáp á þriðju hæð svo dæmi séu nefnd. Öll söfn í Safnahúsinu hafa sameinast um sýninguna Flugdrekaþekking sem verður opnuð 17. júní.

Safnið var lokað í samkomubanni og unnu starfsmenn fyrst og fremst heima þann tíma. Lögð var áhersla á að efla starfræna miðlun safnsins og vekja athygli á áhugaverðu efni sem fyrir var á heimasíðu safnsins, s.s. fræðsluefni, upplestri á þjóðsögum o.fl. Þá var opnuð ný vefsýning á Sarpi sem bar yfirskriftina *Kjarval – Gripirnir úr bókinni*. Í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs var ákveðið að safna ljósmyndum af lífinu í samkomubanni undir yfirskriftinni *Austurland á tímum kórónuveirunnar*. Tara Tjörvadóttir ljósmyndari var fenginn til að skrásetja það í myndum.

Samstarfsverkefnið *Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?* var tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna 2020 en Minjasafnið var eitt þeirra safna og stofnana sem tóku þátt í því. Verðlaunin verða afhent í Reykjavík 18. maí. Safnstjóri verður viðstaddur verðlaunaafhendinguna. Stjórn telur að kanna ætti möguleika á því að sýningin verði sett upp aftur í sumar og felur safnstjóra að fylgja því eftir.

**9. Önnur mál.**

Safnstjóri ræðir um sumarstarf safnsins. Reikna má með að fáir erlendir ferðamenn verði á ferðinni en þeir hafa verið meginuppistaða allra gesta á safnið. Rætt um leiðir til að gera safnið sýnilegt fyrir innlendum gestum sem gætu verið meira á ferðinni en áður. Stjórn samþykkir að miðaverð inn á safnið verði 1.500 kr. og frítt fyrir börn undir 18 ára og afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Safnstjóra gefið umboð til að

útfæra afslátt af aðgangseyri t.d. fyrir hópa eða í samstarfi við þjónustuaðila á svæðinu eftir því sem talin er þörf á. Sömuleiðis er safnstjóra gefið umboð til að ákvarða nánar um opnunartíma safnsins í sumar.

SS vakti athygli á að setja mætti borða á úthlið safnsins t.d. af hreindýrum eða öðru tengdu sýningum í safninu til að gera það meira áberandi fyrir þá sem leið eiga framhjá.

Gert er ráð fyrir næsta fundi stjórnar í haust, september eða október.

Fundi slitið 17.30.

Fundargerð skrifaði Sigrún Blöndal